

Afstöðumynd bryggju, mkv. 1:100

Timburbyggja og timburpallur á lóð Fontana við strönd Laugarvatns

Inngangur:
Fontana á Laugarvatni hefur fengið leyfi til að byggja timburbyggju við strönd Laugarvatns, innan lóðar Fontana. Með þessu er leitast við að bæta aðgengi gesta Fontana að stöðuvatninu. Auk bryggju verður núv. pallur stækkaður og smíðaðir lágir timburveggir út frá honum sem sitja á botni vatnsins. Þannig myndast einkonar lón og ætlunin að veita heitu affallsvatni frá gufubaðinu í lónið. Náttúrulegt straumvatn Laugarvatns tryggir að vatnið helst ferskt auk þess sem lónið er opið til austurs.

Samræmi við deiliskipulag:
Bygging bryggju og stækkun timburpalls er í samræmi við núgildandi deiliskipulag, sbr. fundargerð nr. 88 frá skipulagsnefnd þann 22. apríl 2015.

Timburpallur:

Stærð og útfærsla:
Viðbótar timburpallur er um 60m² að stærð og er um 30cm lægri en núverandi pallur og tengist þeir með tveimur þrepum. Frá timburpallinum ganga fjögur þrep niður að lóninu. Hæðakóti á yfirborði nýs timburpalls er 64,18m. Á timburpallinum er gert ráð fyrir hringlaga gati í klæðninguna, um 1m í þvermál en þar sést í grjótbíng þar sem útstreymi gufuvatns kemur frá gufubaðinu. Hugsanlega þarf að bæta dálitlum smásteinum ofaná núv. grjótbíng til að hindra að fólk geti snert heitt yfirborð.

Allt timburverk pallsins skal vera úr þrýstigagnvörðu efni og allt járn og festingar skulu vera ryðfríar. Klæðning pallsins skal vera í samræmi við núv. klæðningu á timburpalli sem er rásað leiki.

Undirstöður:

Uppbygging timburpalls er timburgrind og dregarar sem hvíla á steypum undirstöðum með flatjárnnum. Timburdregarar boltast á milli 2ja ryðfríra flatjárna (10x100mm) sem steypast í undirstöður í mismunandi stærðum með 2-2,5m á milli. Undirstöðurnar skorðast af niður í vatnsbotn eða fjöruborð.

Timburbyggja:

Stærð og útfærsla:

Timburbyggjan er í sömu hæð og nýr pallur, í hæðarkóta 64,18m. Hún er 1,6m á breidd og rúmlega 16m löng. Bil milli dregara skal vera 2m og á milli langbanda 0,5m. Dregarar boltast fastir á uppistöðustólpa og skástifur festast milli uppistöðustólpa og dregara. Á suðurhlíð bryggju skal koma handrið sem boltast á dregara og skulu vera 2 handlistar á handriðinu, annar í 60cm hæð og hinn í 90cm hæð.

Undirstöður:

Trégrind bryggjunnar er fest með ryðfríum flatjárnnum sem skulu steypst í undirstöður, sem eru 170x70x50cm og er ein steypst undirstaða fyrir hverja 2 undirstöðustólpa. Undirstöður skulu ganga um 2/3 niður í botn stöðuvatnsins sbr. skýringarmynd.

Timburveggur:

Stærð og útfærsla:

Lónið er myndað með lágum timburvegg bryggjunnar annars vegar og frístandandi timburvegg í framhaldi af timburpalli hins vegar. Lónið er hitað upp með affallsvatni frá gufunni. Timburveggurinn mót norðri er opin að hluta og tryggir það vatnsskipti í lóninu auk þess sem lónið er opið til austurs.


Í timburvegg bryggju er tvöföld klæðning, þétt klæðning til suðurs og opin klæðing inn mót lóni.

Í vegg frá nýjum palli er opin klæðning og ofaná undirstöðum er stokkur sem lokaður er á 3 vegu. Inni í stokknum er Ø100mm affallslögn og er hún götuð á þeirri hlíð sem snýr að lóninu. Lögn þessi er framlengingarlögn sem liggur frá núv. grjótbíng. Í lögninni er heitt yfirfallsvatn frá gufubaðinu og það mun hita upp lónið að hluta. Ef rennsli og hiti verður of mikill í lóninu er hægt að loka því að hluta eða öllu leyti með því að skrúfa fyrir með spindiloka og leiða affallsvatn gufubaðsins á meira dýpi með yfirfallslögn sem verktaki skal koma fyrir.


Handlistar eru áfastir báðum veggjum við vatnsborð og einnig er handlisti fyrir miðjum þrepum niður í lónið og nokkra metra úti lónið og skal hæð handlistans vera 90cm og miðast við botn vatnsins.

Jarðvegsvinna og undirstöður:

Undirstöður eru að hálfu leyti grafnar niður í botn stöðuvatns svo þær sitji stöðugar og skal fyllt að þeim að nýju eftir að búið er að skafa frá efsta botnlagið sem er moldarkenndur leir en þar undir er grúsarefni á um 30-50cm dýpi frá botni.



Áritun byggingarfulltrúa



Núverandi timburpallur við Fontana Laugarvatni

Steypuvirki og burðarþol yfirfarið af **EFLA** VERKERÆÐISTOFA

Nr.Dags.	Breyting
B.	
C.	
D.	
E.	
F.	

HEITI VERKS:
GUFA ehf.
FONTANA Á LAUGARVATNI

HEITI TEIKNINGAR:
LÓÐARUPPDRATTUR - stækkun á bryggju
AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING

VERKNR.	MKV.	TEIKNING NR.
203-016	1:100 í A2	08-01-A
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
ph/sg	OH	22. apríl 2016
YFIRSKRIF:	TEIKN. BREYTT:	

LANDFORM LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
AUSTURVEGI 6 800 SELFÓSS sími 482 4090 faxnr 482 3542
veffang landform@landform.is vefling www.landform.is

Fontana